

ÁRSSKÝRSLA TÓMSTUNDAFULLTRÚA 2012

Arnar Snæberg Jónsson hélt áfram starfi sínu sem tómstundafulltrúi Strandabyggðar í 70% starfshlutfalli árið 2012. Hér verður stiklað á stóru yfir helstu verkefni tómstundafulltrúa á árinu 2012. Listinn er að sjálfsögðu ekki tæmandi.

Einna mestur tími fór í starf félagsmiðstöðvarinnar Ozon. Viðburðir voru haldnir á öllum opnum húsum félagsmiðstöðvarinnar, en þeir krefjast oftast talsverðs undirbúnings af hálfu tómstundafulltrúa og nemendaráðs. Opið var að jafnaði eitt kvöld í hverri viku fyrir 8.-10. bekk, en aðra hverja viku fyrir 5.-7. bekk, utan sumars en þá liggur starfsemin niðri. Fjáröflun og safnanir eru ríkur þáttur í starfinu, enda er félagsmiðstöðin eingöngu rekin með fjármagni sem hún aflar sjálf, utan launakostnaðar starfsmanns. Félagsmiðstöðin Ozon náði þeim frábæra árangri að lenda í 3. sæti í söngkeppni Samfés en margt annað eftirminnilegt stendur upp úr starfinu, m.a. fjölmörg ferðalög, til dæmis á Landsmót Samfés og böll í Borgarnesi, Búðardal og í Súðavík. Þá sat tómstundafulltrúi einnig aðalfund Samfés í maímánuði, útbjó lög fyrir Nemendafélag Grunnskólans (nemendaráð er stjórn þess) og vann að viðurlögum um agabrot fyrir félagsmiðstöðina.

Félagsmiðstöðin er starfrækt innandyrá í grunnskólanum á Hólmavík. Óhætt er að fullyrða að bæði þátttakendum í starfi miðstöðvarinnar og tómstundafulltrúa finnist oft og tíðum fullþröngt um starfsemina. Sveitarstjórn gaf heimild haustið 2012 til að ráða annan starfskraft til viðveru í félagsmiðstöðina. Ekki hefur enn verið gengið frá ráðningu.

Tómstundafulltrúi vann áfram sem framkvæmdastjóri Héraðssambands Strandamanna í 10% starfshlutfalli á ársgrundvelli. Starfsemi sambandsins var nokkuð öflug og jöfn allt árið. Upplýsingagjöf til félaga er mikilvægur þáttur í starfinu og vefsíða sambandsins er reglulega uppfærð. Tómstundafulltrúi situr alla stjórnarfundir HSS og ritar fundargerðir stjórnar. Hann sat einnig ársþing í maí og haustfund í október, útbýr styrkumsóknir o.m.fl. Sambandið sótti um að halda Landsmót 50 ára og eldri árið 2014 í samvinnu við Strandabyggð, en fékk því miður ekki mótið að þessu sinni eftir talsverða fyrirhöfn við umsókn þess efnis. Vert er að benda á að samningur milli HSS og Strandabyggðar um framkvæmdastjórastöðuna rann út í apríl 2012 og ekki hefur verið skrifað undir nýjan. Brynt er að slíkur samningur sé í gildi.

Undirbúningur, skipulagning og framkvæmd bæjarhátíðarinnar Hamingjudaga sem voru haldnir helgina 29. júní til 1. júlí tók talsverðan tíma. Hátíðin var ágætlega sótt, veður var nokkuð skaplegt og gestir virtust ánægðir með dagskrána sem var fjölskylduvæn. Hamingjudagar eru mikilvægur hvati til margvíslegra framkvæmda og fegrunar í sveitarfélaginu, en einnig hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir heima í héraði af þeim nokkrar tekjur í gegnum sölu á varningi eða með viðburðahaldi. Fjárhagslegur stuðningur við hátíðina frá fyrirtækjum heima í héraði hefur aukist mjög eftir að tómstundafulltrúi tók við skipulagningu hátíðarinnar.

Tómstundafulltrúi hafði milligöngu og tók þátt í ýmsum öðrum viðburðum á árinu. Þar má nefna afar vel sóttan fyrirlestur Eyjólfis Arnar Jónssonar sálfræðings um netfíkn. Fyrirlesturinn var styrktur af foreldrafélagi Grunnskólans á Hólmavík, HSS, Strandabyggð, Reykhólahreppi og Kaldrananeshreppi. Þá aðstoðaði tómstundafulltrúi við markaðssetningu og framkvæmd á fjöltefli í Hnyðju í tengslum við Skákhátíð á Ströndum og hélt erindi um framhaldsdeild á Hólmavík á Menntaþingi sem haldið var í janúar - svo fátt eitt sé nefnt.

Ítarleg rekstrarhandbók leiksvæða var tekin í notkun á árinu eftir að hafa verið samþykkt af sveitarstjórn í maímánuði. Í henni er skilgreind ábyrgð og allir ferlar í umsjón og uppbyggingu leiksvæða í Strandabyggð. Með samþykkt handbókarinnar er ljóst að engin leiktæki verða sett niður í sveitarfélaginu nema þau séu vottuð og standist staðla. Áhaldahús Strandabyggðar vann ötullega að úrbótum allt sumarið 2012 í samræmi við úttektir BSI á leiksvæðunum í góðu samráði við tómstundafulltrúa.

Opinn íbúafundur um tímstundir var haldinn í Félagsheimilinu á Hólmavík á vegum embættis tómstundafulltrúa fimmtudagskvöldið 3. maí. Þar gafst íbúum sveitarfélagsins tækifæri til að koma á framfæri skoðunum sínum, hugmyndum og framtíðarsýn varðandi tímstundir, menningu, félagslíf, íþróttir og aðstöðu í Strandabyggð. Ríflega 20 manns mættu á fundinn. Niðurstöður hans vörpuðu ljósi á stöðu mála í Strandabyggð og er samantekt af fundinum komin í vinnslu í Tímstunda-, íþrótt- og menningarnefnd Strandabyggðar.

Heilsuefning fór fram í Strandabyggð í septembermánuði. Ingibjörg Benediktsdóttir sá um alla skipulagningu átaksins, en tómstundafulltrúi útbjó kynningarefni og sá um uppfærslur á sérstakri vefsíðu sem hann útbjó fyrir verkefnið. Þá vann tómstundafulltrúi einnig að gerð glænýrrar vefsíðu fyrir leikskólann Lækjarbrekku sem opnuð var í desember, sá um viðamikla uppfærslu á vef Grunnskólans á Hólmavík og sinnti uppfærslu og fréttaskrifum á vef Strandabyggðar og Hamingjudaga. Auk þess útbjó hann nokkur ný umsóknareyðublöð fyrir sveitarfélagið, en þau eru nú flest komin í það form að unnt er að fylla út pdf-skjöl og senda

Þau í tölvupósti beint á móttökuaðila. Skýrt er tekið fram hvert skal senda eyðublöðin, en talsvert vantaði upp á slíkar upplýsingar áður. Tómstundafulltrúi hefur jafnframt unnið að því að samræma umsóknareyðublöð Félagsþjónustu Reykhóla og Stranda í eitt blað í góðu samstarfi við félagsmálastjóra.

Unnið var að gerð styrktar- og samstarfssamninga við félög í sveitarfélaginu og ritað undir fjóra slíka. Tómstundafulltrúinn kom að undirbúningi Vinnuskólans og endurskoðun á reglum hans, vann að þarfagreiningu um ungmennahús eða tómstunda- og menningarmiðstöð í Strandabyggð sem skilað verður nú í ársbyrjun og ritaði reglugerðir um ungmennaráð í Strandabyggð og val á íþróttamanni ársins sem samþykktar voru af sveitarstjórn. Þá sat tómstundafulltrúi alla fundi Tómstunda-, íþróttta- og menningarnefndar Strandabyggðar, boðaði fundi, ritaði fundargerðir og hélt utan um fundargögn.

Tómstundafulltrúi Strandabyggðar tók virkan þátt í starfi FÍÆT, Félags íslenskra æskulýðs- og tómstundafulltrúa, m.a. með því að sitja aðalfund félagsins í maí og taka virkan þátt í umræðum og upplýsingagjöf á póstlista félagsins sem er mikill brunnur þekkingar.

Skoða þarf hvort hækka eigi starfshlutfall tómstundafulltrúa. Ef það yrði gert væri hægt að færa út kvíarnar. Skoða mætti t.d. uppbyggingu á innra starfi Skjólaskjól, en skólastjórnendur og tómstundafulltrúi ræddu nýverið þann möguleika að tómstundafulltrúi haldi utan um innra starf skjólans sem er vitanlega hefðbundið frítímastarf. Athuga mætti einnig hvort grundvöllur sé fyrir því að embættið komi að mótun eða hugmyndavinnu um starfsemi Íþróttamiðstöðvarinnar á Hólmavík. Langflest embætti tómstunda- og æskulýðsfulltrúa á Íslandi koma að starfsemi íþróttahúsa á einn eða annan hátt. Með auknu starfshlutfalli gæfist einnig tækifæri til að ráðast í gerð íbúahandbókar af fullum krafti og bæta við opnunartíma Félagsmiðstöðvarinnar Ozon, en eindregnar tillögur komu fram um það, t.d. á íbúafundi um tómstundir í sveitarfélaginu og á foreldrafundi sem haldinn var í haust í Grunnskólanum á Hólmavík. Aukið starfshlutfall verður þó fyrst mikilvægt þegar haft er í huga hversu brýnt það er að mótað frístundastarf verði í boði fyrir þá sem hefja nám í framhaldsdeild á Hólmavík haustið 2013. Það yrði stærsta verkefnið og jafnframt það sem er mest aðkallandi.

Hólmavík, 8. janúar 2013,

*Arnar Snæberg Jónsson,
tómstundafulltrúi Strandabyggðar.*